

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Skoðunarskýrsla

Fiskeldi #40014



Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1138	Strandgötu 18	Ísak Örn Guðmundsson Eldisstjóri			
Kaldvík hf. Berufirði	735 Eskifjörður	Friðrik, Guðmundur og Óðinn Eldismenn			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	6.5.2025	14.5.2025	13,5	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 17 skoðunaratriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 10 skoðunaratriðum, þar af 3 Alvarleg frávik og 7 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum
5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.1.5 Eldissvæði
5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.1.8 Framkvæmd flutnings
	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva
	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Andri Snær Þorsteinsson og Jóhann Finnur Sigurjónsson, fóru í reglubundið eftirlit hjá Kaldvík þann 6. maí 2025.

Sígt var út á eldisvæðið Glímeyri í Berufirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum eldismanna á eldisvæðinu þann daginn. Meðal daglegra starfa eldisstarfsmanna var að tæma dauðfisk úr eldiskvíum og að handháfa sveimara.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Kaldvík hf. Berufirði
Strandgötu 18
735 Eskifjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 5204120930

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Bárður Jóhann Arnaldsson	859 2255	bardur.arnaldsson@kaldvik.is	Eldisstjóri
Sandra Eiðsdóttir	8550191	sandra.eidsdottir@kaldvik.is	Gæðastjóri
Kjartan Lindboel	+47 959 09 675	kjartan.lindbol@kaldvik.is	Framleiðslustjóri
Ísak Örn Guðmundsson	847 5242	Isak.gudmundsson@kaldvik.is	Eldisstjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Sett inn: 20.11.2024

Frávik

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Í ástands- og viðgerðarskýrslur hjá þjónustuaðila vantar upplýsingar um:

- Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda
- Lýsingu á viðgerðinni

Samkvæmt 34. gr. rgl. nr. 540/2020 skulu þessar upplýsingar koma fram í ástands- og viðgerðarskýrslu netpoka.

4.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 20.11.2024

Frávik

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Hluti búnaðar er utan skilgreinds eldissvæðis á Glímeyri en skv. 30. gr. rgl. nr. 540/2020 skal búnaður sjókvíaeldisstöðva vera innan eldissvæðis.

4.1.8 Framkvæmd flutnings

Sett inn: 20.11.2024

Frávik

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Við framkvæmd flutnings á laxfiskum skal, skv. 41. gr. rgl. nr. 540/2020, flutningsaðili útbúa verklagsreglur þar sem fram kemur lýsing á búnaði sem notaður er til flutnings og hver ber ábyrgð á einstökum verkþáttum og réttum viðbrögðum ef fiskur strýkur.

Matvælastofnun óskaði eftir verklagsreglu flutningsaðila vegna flutninga á laxfiskum og slík verklagsregla barst ekki.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 20.11.2024

Frávik

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Skv. viðauka IV í rgl. nr. 540/2020 þá skal án tafa, hafi strok orðið eða ef ástæða er til að ætla að rekstrarleyfishafi hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, byrja að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira af fiski strjúki og tilkynna Fiskistofu, Matvælastofnun, sveitarfélögum og næstu veiðifélagum. Rekstrarleyfishafi skal hefja veiðar á fiski eins fljótt og mögulegt er.

Viðbragðsáætlun vegna stroks þarf að uppfæra hjá Kaldvík og gera ítarlegri greiningu á viðbrögðum við stroki. Einnig er rétt að taka fram að ekki þarf að vera rökstuddur grunur um strok heldur einungus grunur um að strok hafi átt sér stað.

Jafnframt hefur Matvælastofnun breytt verklagi hjá sér og skal grunur um strok vera tilkynntur á fiskeldi@mast.is

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 20.11.2024

Alvarlegt frávík

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Samkvæmt viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 skal tryggja að starfsmenn fái þjálfun þar sem markmið er:

- a) Að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun ef það gerist.
- b) Að lágmarka umhverfisáhrif.
- c) Að tryggja velferð eldisdýra.

Einnig þarf, skv. sama viðauka, að hafa nýliðakynninu þar sem öllum starfsmönnum er kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins og nýliðaðþjálfun þar sem tryggt er að starfsmaður hafi lokið eftirfarandi þjálfun:

- a) Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig er best að koma í veg fyrir þær
- b) Viðbrögð við stroki
- c) Meðhöndlun eiturefna þegar það á við
- d) Þekking á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem starfsmaður vinnur við

Jafnframt kemur fram í framgreindum viðauka að árlega skuli haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttaka starfsmanna er skráð í þjálfunarskrá.

Matvælastofnun kallaði eftir þjálfunarskrám starfsmanna Kaldvíkur og þar kemur ekki fram að starfsmenn hljóti þjálfun við að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun.

Í nýliðaðþjálfun rekstraraðila hljóta starfsmenn ekki þjálfun í vörnum gegn stroki, helstu ástæðum og hvernig meggi koma í veg fyrir stök eða þjálfun í viðbröðum við stroki.

Ekki er að finna í þjálfunarskrá staðfestingu á að árlegur fundur hafi verið haldin með starfsfólki og þátttaka starfsmanna sé skráð í þjálfunarskrá. Á slíkum fundi skal fara yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið.

Þegar starfsmenn Kaldvíkur héldu í ferð til Marrakech var fengið afleysingafólk til þess að halda fiskeldinu gangandi. Matvælastofnun kallaði eftir þjálfunarskrá þess fólks sem sinnti afleysingum og voru þær ekki fullnægjandi en starfsfólkið var ekki búið að hljóta almenna nýliðaðþjálfun vegna:

- a) Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig er best að koma í veg fyrir þær
- b) Viðbrögð við stroki
- c) Meðhöndlun eiturefna þegar það á við
- d) Þekking á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem starfsmaður vinnur við

Matvælastofnun lítur málið alvarlegum augum og ef slíkar aðstæður skapast aftur að kalla þurfi til afleysingafólk þá skal rekstraraðili tryggja viðunandi þjálfun afleysingastarfsfólks.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 20.11.2024

Alvarlegt frávík

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Ekki fullnægjandi innra eftirliti

Ekki var hægt að sýna fram á að innra eftirlit hefði verið framkvæmt

Sett inn: 20.11.2024

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Ekki fullnægjandi sannprófanir.

Ekki var hægt að sýna fram á að sannprófun hefði farið fram í takt við kröfur í reglugerð.

Sett inn: 20.11.2024

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Í gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva skal koma fram, skv. viðauka III í rgl. nr. 540/2020

- Verklag um skipulag og ábyrgðaskiptingu.
- Skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna.
- Ábyrgðasvið og starfslýsingar allra sarfsmanna séu skýrar.
- Árlegur fundur haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðva þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kyntnar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið.

Matvælastofnun yfirfór gæðahandbók Kaldvíkur og var ekki gerð nægjanleg grein fyrir ofangreindum atriðum.

Sett inn: 11.12.2024

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Matvælastofnun yfirfór verklagsreglur Kaldvíkur í eftirliti en rekstraraðili vinnur að umbótum á gæðakerfi fyrirtækisins. Margar af þeim verklagsreglum sem voru yfirfarðar höfðu ekki verið samþykktar og því ekki sannað að starfsmenn séu að fara eftir verklagsreglum.

Sett inn: 11.12.2024

6. maí 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Fyrri eftirlit:

Matvælastofnun yfirfór viðbragðsáætlanir Kaldvíkur í eftirliti en rekstraraðili vinnur að umbótum á gæðakerfi fyrirtækisins. Margar af þeim viðbragðsáætlunum sem voru yfirfarðar höfðu ekki verið samþykktar og því ekki sannað að starfsmenn séu að fara eftir viðbragðsáætlunum.

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva	4.1.1 Bátar og flutningstæki
4.1.2 Dauðfiskur	4.1.3 Eldisbúnaður	4.1.7 Merkingar sjókvíaeldisstöðva
4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk		

Andri Snær Þorsteinsson
andri@mast.is
Sérfræðingur - fiskeldi og matvælaeftirlit
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmunum þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis